

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki og hönnun o.fl. með síðari breytingum (569/2018)

(Sé munur á texta/gjöldum hér og í reglugerðunum eins og þær eru birtar í Stjórnartíðindum, gildir birting Stjórnartíðinda)

I. KAFLI

Gildissvið

1. gr.

Gildissvið

Reglugerð þessi gildir um gjöld fyrir þjónustu Einkaleyfastofunnar í tengslum við réttindi sem veitt eru á grundvelli laga nr. 17/1991 um einkaleyfi (ell.), nr. 45/1997 um vörumerki (vml.), nr. 155/2002 um félagamerki (fml.) og nr. 46/2001 um hönnun (hl.).

Gjöld greiðast Einkaleyfastofunni nema annað sé tekið fram.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari verða ekki endurgreidd.

II. KAFLI

Einkaleyfi

2. gr.

Einkaleyfisumsóknir

Fyrir umsóknir um einkaleyfi skal greiða þegar við á:

- | | |
|--|--------|
| 1. Gjald fyrir umsókn um einkaleyfi, yfirfærða alþjóðlega einkaleyfisumsókn eða beiðni um endurmat skv. 38. gr. ell. | |
| a. umsóknargjald | 64.400 |
| b. viðbótargjald fyrir hverja einkaleyfiskröfu umfram tíu | 4.100 |
| 2. Gjald skv. 36. og 37. gr. ell. | 55.200 |
| 3. Viðbótargjald vegna viðbótarfrests til að leggja inn tilskilda þýðingu vegna yfirfærðrar umsóknar | 17.300 |
| 4. Umsýslugjald fyrir milligöngu við nýnæmisrannsókn hjá alþjóðlega viðurkenndri stofnun | 7.500 |

Fyrir hlutun eða úrfellingu skal greiða umsóknargjald skv. 1. tl. 1. mgr. auk árgjalda skv. 3. gr. í samræmi við 2. mgr. 41. gr. ell.

3. gr.

Árgjöld

Árgjöld fyrir einkaleyfisumsóknir og einkaleyfi eru sem hér segir:

Gjaldár kr.	Gjaldár kr.	Gjaldár kr.
1. 11.000	8. 18.400	15. 38.600
2. 11.000	9. 20.700	16. 42.600
3. 11.000	10. 23.000	17. 47.800
4. 12.700	11. 25.300	18. 52.400
5. 13.800	12. 27.600	19. 57.500
6. 15.000	13. 30.500	20. 63.300
7. 16.700	14. 34.500	

Árgjald fyrir 11.– 15. ár einkaleyfis sem veitt var í samræmi við eldri lög: 132.500

Gjalddagi vegna 3. gildistímabils einkaleyfis skv. 2. mgr., er sá almanaksdagur í upphafi tímabilsins sem svarar til útgáfudags einkaleyfisins.

Árgjald, sem greitt er innan sex mánaða frá gjalddaga skal hækka um 20%.

4. gr.

Útgáfa einkaleyfis

Fyrir útgáfu einkaleyfis skal greiða þegar við á:

1. Útgáfugjald fyrir fyrstu 40 blaðsíður einkaleyfisskjals (lýsing, einkaleyfiskröfur, teikningar og ágríp)	27.600
2. Viðbótargjald fyrir hverja síðu umfram 40	1.200
3. Viðbótargjald fyrir hverja einkaleyfiskröfu sem bætt er við eftir innlagningu umsóknar	4.100
4. Gjald fyrir endurútgáfu einkaleyfis:	27.600
5. Gjald fyrir leiðréttingu á kröfum einkaleyfis og endurútgáfu*	27.600

*1. gr. reglugerðar nr. 569 frá 28. maí 2018

5. gr.

Evrópsk einkaleyfi

Fyrir evrópsk einkaleyfi, svo sem staðfestingu einkaleyfis, endurútgáfu eða fyrir útgáfu leiðréttrar þýðingar greiðast

31.100

6. gr.

Viðbótarvottorð

Vegna umsóknar um viðbótarvernd og útgáfu viðbótarvottorðs skal greiða eftir því sem við á:

1. Umsóknargjald	64.400
2. Gjald fyrir framlengingu á viðbótarvottorði*	47.800
3. Árgjald fyrir hvert byrjað gjaldár viðbótarvottorðs	63.300

Árgjald skv. [3]. tl. 1. mgr., sem greitt er innan sex mánaða frá gjalddaga, hækkar um 20%.

*2. gr. reglugerðar nr. 569 frá 28. maí 2018. Í 2. mgr. lesist 2. tl. vegna árgjalda sem 3. tl.

7. gr.

Takmörkun á verndarsviði

Gjald fyrir beiðni um takmörkun á verndarsviði einkaleyfis

27.600

7. gr. a*

Andmæli

Tilkynning um andmæli gegn einkaleyfi

41.400

*3. gr. reglugerðar nr. 569 frá 28. maí 2018

III. KAFLI**Vörumerki og félagamerki**

8. gr.

Umsókn eða endurnýjun merkis

Fyrir umsókn um skráningu merkis eða endurnýjun þess skal greiða eftirtalin gjöld þegar við á:

1. Umsóknar- eða endurnýjunargjald, einn vöru- eða þjónustuflokkur innifalinn	32.200
2. Viðbótargjald fyrir hvern vöru- og/eða þjónustuflokk umfram einn	6.900
3. Gjald fyrir hverja mynd umfram eina í umsókn þegar merkið er í þrívídd	3.500

Gjöld fyrir tilnefningu á Íslandi í umsókn um alþjóðlega skráningu vörumerkis eða vegna endurnýjunar þeirra eru greidd til Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO).

9. gr.

Breyting á merki eða beiðni um hlutun

Beiðni um breytingu á skráðu merki	6.900
Beiðni um hlutun umsóknar eða skráningar	20.700

10. gr.

Andmæli og afnám skráningar

Tilkynning um andmæli eða krafa um að skráning merkis verði felld úr gildi:	41.400
---	--------

11. gr.

Ruglingshættuleit

Leit í vörumerkjaskrá að sambærilegu merki	5.800
Útheimti beiðni um leit skv. 1. mgr. verulega úrvinnslu gagna eða leit í skjalasafni reiknast að auki tímargjald samkvæmt 18. gr. eftir því sem við á.	

IV. KAFLI**Hönnun**

12. gr.

Umsókn um skráningu eða endurnýjun hönnunar

Fyrir umsókn um skráningu hönnunar skal greiða eftir því sem við á:	
1. Umsóknargjald fyrir hvert fimm ára tímabil	17.300
2. Umsóknargjald fyrir hverja hönnun umfram eina í samskráningu fyrir hvert fimm ára tímabil	7.500
3. Gjald fyrir hverja mynd umfram eina	4.100
4. Rannsóknargjald	11.000

Ef óskað er eftir því við innlagningu umsóknar að skráning hönnunar gildi í fleiri en eitt tímabil í senn skal greiða umsóknargjald fyrir hvert tímabil sem skráningunni er ætlað að ná yfir.

Fyrir endurnýjun á skráningu hönnunar skal greiða eftir því sem við á:

1. Endurnýjunargjald fyrir hvert fimm ára tímabil	21.900
2. Endurnýjunargjald fyrir hverja hönnun umfram eina í samskráningu fyrir hvert fimm ára tímabil	7.500

13. gr.

Brottfall skráningar

Gjald vegna kröfu um að skráning verði felld úr gildi	12.700
---	--------

V. KAFLI**Ýmis ákvæði**

14. gr.

Umsýsla alþjóðlegra umsókna

Umsýslugjald fyrir móttöku og meðhöndlun alþjóðlegrar einkaleyfis-, vörumerkja- eða hönnunarsóknar:	17.300
---	--------

15. gr.

Endurupptaka og endurveiting réttinda

Gjald fyrir beiðni um endurupptöku	11.000
------------------------------------	--------

Gjald fyrir meðhöndlun beiðni um endurveitingu réttinda til einkaleyfis eða hönnunar: 41.400

16. gr.

Innfærsla í málaskrá

Gjald fyrir beiðni um innfærslu upplýsinga um aðilaskipti, nytjaleyfi eða veðsetningu: 6.900

Gjald fyrir beiðni um aðrar innfærslur í málaskrá, s.s. breyting á nafni eða heimilisfangi umsækjanda eða breytingar varðandi umboðsmann: 3.500

17. gr.

Afrit af gögnum í málaskrá

Fyrir afrit af aðgengilegum gögnum úr málaskrá skal greiða eftir því sem við á:

1. Rafrænt afrit af umsókn eða af veittu einkaleyfi, skráðu merki eða hönnun eða öðrum skjölum úr skjalavistunarkerfi 1.200

2. Staðfest afrit af skjölum skv. 1. tl. eða útgáfa forgangsréttarskjals 4.600

3. Útprintun eða ljósritun gagna, hver síða í stærðinni A4 200

Ef beiðni um afrit skv. 1. mgr. útheimtir verulega úrvinnslu gagna eða leit í skjalasafni reiknast að auki tímagjald samkvæmt 18. gr. eftir því sem við á.

18. gr.

Þjónustuverkefni

Fyrir þjónustu, sem verður ekki heimfærð undir einingarverð reglugerðarinnar, svo sem umfangsmikla leit, athuganir, úrvinnslu eða tölvuútskriftir, greiðist tímagjald: 6.900

19. gr.

ELS-tíðindi

Áskriftargjald á ári 4.100

Útprintun, hvert eintak 500

20. gr.

Áfrýjun

Gjald vegna áfrýjunar á grundvelli laga um einkaleyfi, vörumerki, hönnun eða félagamerki: 85.000

Áfrýjunargjald greiðist viðkomandi ráðuneyti við afhendingu bréfs um áfrýjun.

Sé mál afturkallað áður en áfrýjunarnefnd er fullskipuð, málinu vísað frá áfrýjunarnefnd eða það vinnst skal ráðuneytið endurgreiða 65.000 kr.

VI. KAFLI**Lokaákvæði**

21. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 68. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi, 63. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki, 36. gr. og 53. gr. laga nr. 46/2001 um hönnun og 9. gr. laga nr. 155/2002 um félagamerki og öðlast gildi 1. janúar 2017.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 804/2014.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 20. september 2014.

F. h. iðnaðar- og viðskiptaráðherra,

Kristján Skarphéðinsson.

Sigrún Brynja Einarsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 28. september 2016

REGLUGERÐ
um breytingu á reglugerð nr. 818/2016 um gjöld
fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 2. másl. 2. mgr. 65. gr. a og 68. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi, sem og 3. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 4. gr. laga nr. 40/2018 frá 8. maí 2018 um breytingu á lögum um einkaleyfi, nr. 17/1991, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júní 2018.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 28. maí 2018.

F.h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,
Ingvi Már Pálsson.

Brynhildur Pálmarsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 31. maí 2018